

## Niðurstöður nefndar um málefni geðsjúkra:

# Gert ráð fyrir 16 sambýlum á fjórum árum

STARFSHÓPUR á vegum Félagsmálaráðuneytisins, sem unnið hefur að tillögum um úrbætur í húsnæðis- og félagsmálum alvarlega geðsjúkra, leggur til að komið verði á fót að minnsta kosti 16 sambýlum fyrir geðsjúka á næstu fjórum árum. Af þeim verði 11 sambýli í Reykjavík og á Reykjanesi, 3 á Norðurlandi, 1 á Vestfjörðum og 1 á Austfjörðum. Þá leggur starfshópurinn til að gert verði áttak í útvegum félagslegra íbúða fyrir þá sem þarfnast reglubundins stuðnings og heimaþjónustu. Er þessum þætti sérstaklega beint til sveitarfélaga. Í niðurstöðum starfshópsins er einnig gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á starfsráðgjöf og starfsþjálfun geðsjúkra. Gert er ráð fyrir að komið verði á fót samráðsnefnd um málefni geðsjúkra sem starfi næstu fjögur árin.

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp til að gera tillögur um úrbætur í húsnæðis- og félagsmálum alvarlega geðsjúkra sem eru útskrifaðir af geðdeildum og búa við óviðunandi aðstæður í janúar á þessu ári. Í hópinn voru meðal annars skipaðir fulltrúar frá Geðhjálpi, Geðverndarfélaginu og Öryrkjabandalaginu auk fagfólks úr félags- og heilbrigðisþjónustunni. Starfshópurinn hefur nú skilað ráðherra skýrslu um niðurstöður sínar en þar kemur meðal annars fram að 124 einstaklingar séu í brýnni þörf fyrir úrræði í húsnæðis- og vistunarmálum. Um er að ræða 87 karla og 37 konur. Af þessum hópi eru 100 á höfuðborgarsvæðinu en um 30 einstaklingar eru utan þess svæðis. Aldurskipting hópsins leiðir í ljós að flestir eru 30 til 40 ára.

Starfshópurinn skilgreindi þrenns konar úrræði varðandi búsetu/vistun og þjónustustörf eftir því hverjar þarfir einstaklinganna eru. Fyrsta úrræðið gerir ráð fyrir sambýlum fyrir þá einstaklinga sem þurfa mest-

an stuðning og eftirlit. Á sambýlunum þyrftu að vera starfsmenn allan sólarhringinn. Um er að ræða einstaklinga sem oft hafa verið lagðir inn á geðdeildir þar sem gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til meðferðar og endurhæfingar án varanlegs árangurs. Í öðru úrræði er gert ráð fyrir sambýlum fyrir þá einstaklinga sem þurfa minni stuðning og eftirlit. Starfsmenn þyrftu frá morgni til kvölds í þessum sambýlum. Þriðja úrræðið gerir ráð fyrir íbúðum af ýmsu tagi, bæði einstaklingsíbúðum og íbúðum þar sem fleiri gætu búið saman. Þeir sem þarfnast úrræðis af þessu tagi eru tiltölulega vel sjálfhjarga með daglegar athafnir en þarfnast þó reglubundins stuðnings og heimaþjónustu. 43 þyrftu á fyrsta úrræðinu að halda. Sami fjöldi þyrfti á öðru úrræðinu að halda og 38 á því þriðja.

Tillögur starfshópsins um úrbætur eru í fjórum liðum. Reiknað er með að minnsta kosti 16 sambýlum verði komið á fót og verði það forgangs-

verkefni í málefnum fatlaðra. Gert er ráð fyrir áttaki í útvegum íbúðsamræmi við þriðja úrræðið en einnig er lögð áhersla á starfsráðgjöf starfsþjálfun. Í niðurstöðum starfshópsins er einnig gert ráð fyrir komið verði á fót samráðsnefnd um málefni geðsjúkra sem starfi næstu fjögur árin. Samráðsnefnd þessi verði meðal annars ráðgefandi í uppbyggingu á félagslegri þjónustu fyrir geðsjúka og verði skipuð fulltrúum meðal annars frá Sambandi íslenskrar sveitarfélaga, Geðhjálpi og Geðlæknafélagi Íslands.

Á blaðamannafundi þar sem niðurstöður hópsins voru kynntar kom fram að frumvarpsdrög að nýjum lögum um málefni fatlaðra lægju fyrir. Í þeim eru tekin af öllum tvím. um rétt geðsjúkra til þjónustu sveitt er fötlum. Þá er í frumvarpsdrögum gert ráð fyrir því að þingi skuli næstu 5 árin frá gildistöku laganna ákveða sérstakt framlag ríkissjóðs til uppbyggingar þjónustu í þágu geðsjúkra. Tvö sambýla fyrir geðsjúka verða opnuð á þessum ári.

Í máli Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, kom fram stofnkostnaður við 16 sambýla fyrir geðsjúka yrði um 400 milljónir en 1 til 200 milljónir færur í rekstrarkostnað sambýlanna á hverju ári. Hún sagðist vona að Alþingi hefði skilni á þessu máli en það kemur til úrreðu í haust.